

- 142** Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir, 16. júní og lögum nr. 65 31. maí 1947, um viðauka við breytingar á lögum nr. 24 12. febrúar 1945, um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar. Öðlast reglugerðin þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 16. júní 1950.

Björn Ólafsson.

Páll Pálmason.

- 143** Staðfesting forsetans á skipulagsskrá „Framasjóðs iðnsveina“, útgefin á 4. júlí venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 4. júlí 1950. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Framasjóð iðnsveina.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 28. apríl 1949 af eftirfarandi 7 iðnaðarmönnum, þegar 25 ár voru liðin frá því að þeir luku burtfararprófi úr Iðnskólanum í Reykjavík vorið 1924, þeim: August Hákansson, málara, Guðmundi Ág. Jónssyni, prentara, Helga Jónssyni, húsgagnasmið, Ólafi P. Stefánssyni, prentara, Olgeir Sigurðssyni, húsasmið, Páli Einarssyni, járnsmið og Þórði Björnssyni, prentara.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1750 — seytján hundruð og fimmtíu krónur —, sem þessir iðnaðarmenn gáfu þann dag.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilega iðnsveina, er lokið hafa burtfararprófi úr iðnskólanum í Reykjavík, til utanferða til frekara náms.

4. gr.

Þegar vaxtatekjur sjóðsins eru orðnar 500 kr. á ári eða meira, má veita $\frac{1}{2}$ þeirra samkvæmt 3. gr., en afgangurinn, ásamt öllum öðrum tekjum, leggst við höfuðstólinn. Höfuðstólinn má aldrei skerða.

5. gr.

Sjóðurinn tekur við áheitum, minningargjöfum, afmælisgjöfum o. fl. og ber stjórn hans og öðrum aðstandendum að vinna að því, að hann eflist eftir því, sem föng eru á.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa skólastjóri Iðnskólans í Reykjavík, einn maður kosinn árlega af iðnfræðsluráði og einn maður kosinn árlega af Iðnnemasambandi Íslands. Þeir skipta sjálfir með sér störfum.

7. gr.

Sparisjóðsbækur og verðbréf sjóðsins skal skrá á nafn hans. Peningum sjóðsins skal komið á vöxtu á þann hátt, sem stjórn sjóðsins telur tryggan.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikninga hans skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga Iðnskólans í Reykjavík. Skulu reikningarnir skráðir í sömu bók og reikningar skólans.

143

4. júlí

9. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók, sem hún löggildir, og skrá í hana ákvörðun sína um ávöxtun sjóðsins, úthlutun úr honum og annað sjóðnum viðvíkjandi, sem máli skiptir.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari má ekki breyta nema til samræmingar löggjöf, er kynni að fara í bága við ákvæði hennar.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta ríkisins á skipulagsskrá þessari.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Áhaldasjóð Iðnskólans í Reykjavík“ útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 4. júlí 1950. 144
4. júlí
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Áhaldasjóð Iðnskólans í Reykjavík.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 8. apríl 1949 af þeim iðnaðarmönnum, er luku burtfararprófi úr Iðnskólanum í Reykjavík vorið 1934 og voru á lífi við stofnun hans.

Leggi aðrir árgangar frá skólanum fé í sjóðinn, skulu þeir árgangar teljast meðstofnendur hans, og þeirra getið í gerðabók sjóðsins og aftan við skipulagsskrá.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 5000 — fimm þúsund — krónur sem þessir iðnaðarmenn gáfu þann dag.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er, að fyrir fé hans verði útveguð handa Iðnskólanum í Reykjavík þörf áhöld og verkfæri, sem nota þarf við kennslu eða rannsóknir í skólanum, en ekki fæst fé til á annan hátt. Má verja til þess vöxtum og höfuðstól, en vinna skal að því, að afla honum tekna til uppbótar, ef höfuðstóllinn er skertur.

4. gr.

Sjóðurinn tekur við áheitum og minningargjöfum, afmælisgjöfum o. fl., og ber stjórn hans og öðrum aðstandendum að vinna að því, að hann eflist á allan hátt, sem rétt þykir.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa skólastjóri Iðnskólans í Reykjavík, einn maður kosinn af iðnfræðsluráði og einn maður kosinn af stjórn Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík. Þeir skipta sjálfir með sér verkum.